



# Fréttabréf Brekkuskóla

20. ágúst 2010  
1. tbl. skólaárið 2010—2011  
Ábyrgðamaður Stella Gústafsdóttir

Kæru nemendur, foreldrar og forráðamenn.

Þá er skólastarf þessa vetrar að hefjast. Við byrjum skólaárið með nemendaviðtölum mánudaginn 23. og þriðjudaginn 24. ágúst. Fyrsti skóladagurinn samkvæmt stundaskrá er síðan miðvikudaginn 25. ágúst. Í vetur munum við halda áfram þar sem frá var horfið við innleiðingu *Uppbyggingarstefnunnar – uppbyggingu sjálfsaga*. Hópur kennara og stjórnenda hóf starf sitt í haust á námskeiði hjá *Judy Anderson*, einum af brautryðjendum stefnunnar. Síðan tók við námskeið hjá *Joel Shimoji* sem unnið hefur eftir þessari stefnu í tíu ár í Kanada. Brekkuskóli er á þriðja ári innleiðingar en talið er að slíkt ferli geti tekið allt að átta ár. Þetta skólaár munum við leitast við að efla nemendur, starfsfólk og foreldra enn frekar og vonum við að starfið verði öllum vel sýnilegt. Jafnframt munum við áfram tvinna *Uppbygginguna* saman við *Olweus* eineltisáætlunina okkar. Margt fleira verður á dagskrá hjá okkur í vetur enda alltaf spennandi að hefja starf að nýju eftir sumarfrí. Má nefna meðal annars að haldið verður áfram með *Byrjendalæsi* á yngsta stigi og *Orð af orði* á miðstigi. Háskólinn á Akureyri er í samstarfi við okkur um þessi íslenskuverkefni þar sem höfundar efnisins eru starfandi sérfræðingar þar. Í vetur hefur verið sett upp tveggja kennara kerfi í íslensku og stærðfræði í níunda og tíunda bekk og í áttunda bekk verður umsjónakennarakerfi. Töluvert er um nýtt námsefni sem notað verður í vetur og munum við áfram þróa og prófa okkur áfram í fjölbreyttum kennsluáferðum og námsmati.

Ávaxta- og mjókuráskriftin er á sínum stað og er sama verð og í fyrra. Hádegismaturinn í mótuneytinu er einnig á sama verði og gjaldskrá Frístundar er sú sama. Jafnramt bjóðum við í vetur upp á frían hafragraut á morgnana.

Nýja nemendur, forráðamenn þeirra og nýja starfsmenn bjóðum við velkomna í Brekkuskóla. Við vonum að komandi vetur verði okkur öllum ánægjulegur og stefnum við á gott samstarf bæði innan sem utan skólans.

Með kærri kveðju,  
Stella Gústafsdóttir aðstoðarskólastjóri

Foreldrar og nemendur  
**MUNIÐ !**  
að merkja allan fatnað og aðrar  
verðmætar eigur svo við getum  
komið þeim til skila til ykkar!  
Skólaliðar

## Framundan...

**23. og 24. ágúst**  
Viðtöl

**25. ágúst**  
Skólabyrjun

**10. september**  
Morgunmóttaka hjá 1. bekk

**17. september**  
Morgunmóttaka hjá 2. bekk

**20.-22. september**  
Samræmd próf hjá 10. bekk

**23.-24. september**  
Samræmd próf hjá 4. og 7. bekk

**29. september**  
Kynning á Uppbyggingarvinnu fyrir  
foreldra í 4. og 7. bekk

**30. september**  
Kynning á Uppbyggingarvinnu fyrir  
foreldra í 1. og 5. bekk



## Þarfahringur

Dæmi um þarfir:

Öryggi -Fæði, klæði,  
húsaskjól...

Tilheyra -Vinátta, þykja vænt  
um, ást...

Áhrif -mikilvægi, virðing,  
hæfni, geta...

Gleði -ánægja, njóta,  
skemmta sér, læra og  
leika...

Frelsi -sjálfstæði, frjálsræði,  
valmöguleikar...

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

## Viðtalsdagar 23. og 24. ágúst

Viðtalsboðun var send út í vikunni til foreldra í netpósti.

Vinsamlega svarið leiðsagnarmati á Mentor fyrir viðtalið með nemandanum. Á heimasíðu skólans er að finna leiðbeiningar fyrir matið. Ef þið hafið ekki aðgang eða aðstöðu til að svara heima þá bendum við á að opið verður í tölvuveri við skólasafnið báða viðtalsdagana. Þar getið þið jafnframt fengið aðstoð ef á þarf að halda.



### Nýtt í Brekkuskóla.

Í haust verða settir upp nemendaskápa fyrir 10. bekk á efsta gangi. Stefnt er á að fleiri skápar verði settir upp. Það er trésmíðaverkstæðið Alfa sem hannar og smíðar skápana en kostnaður við þá dreifist á Brekkuskóla, foreldrafélagið og Fasteignir Akureyrarbæjar. Við þökkum foreldrafélaginu kærlega fyrir þátttöku þeirra í verkefninu. Hugmyndin er að nemendur leigi skáp gegn vægu gjaldi og hluti þess endurgreiðist þegar skóla lýkur að vori og nemandi skilar lykli. Þegar skáparnir verða tilbúnir munum við koma upplýsingum til ykkar um hvernig staðið verður að útleigu.

### Comenius

Við höldum áfram að taka þátt í Comeniusarverkefnum og í vetur hefjum við það þriðja þar sem þemað er íþróttir. Þátttakan í þessum verkefnum hefur sett skemmtilegan blæ á skólastarfið hjá okkur undanfarin tvö ár.



### Skýr mörk um hegðun

Í *Uppbyggingu sjálfsaga* setur skólinn skýr mörk um óásættanlega hegðun. Þegar nemandi fer yfir þau skýru mörk fær hann tækifæri til að bæta hegðun sína. Ef hann hins vegar ítrekað fer yfir mörkin, er oftast brugðist við með því að viðkomandi nemandi er fjarlægður úr hópnum. Í kjölfarið er rætt við barnið og það aðstoðað við að gera áætlun um hvernig það geti mætt þörfum sínum án þess að það bitni á öðrum. Rætt er um það hvernig nemandinn geti lært af mistökum sínum og þannig byggt upp innri styrk. Ef þessi leið dugar ekki reynum við að virkja foreldra inn í skólann til að styðja við barnið.

### Skólabíllinn

Tímatöflur í skóla

**Brekkuskóli – Naustahverfi**

Krókeyrarnöf/Naustabraut 07:35

Vallartún 07:36

Vallartún/Mýrartún 07:37

Stallatún/Lækjartún 07:38

Sómatún/Sporatún 07:40

Kjarnagata/SVA v/leikskóla 07:41

Hjallatún/Hamratún 07:42

Hamratún/Baugatún

Laugargata/Brekkuskóli 07:50

Tímatöflur í skóla

**Brekkuskóli – Innbær**

Hafnastræti / Glerhúsið 07:35

Aðalstræti /Brynja 07:36

Aðalstræti / Duggufjara 07:38

Aðalstræti / Naustafjara 07:41

Laugargata / Brekkuskóli 07:50

Tímatöflur úr skóla

**Brekkuskóli – Innbær –  
Naustahverfi**

Brekkuskóli mán – fös 13:30

Brekkuskóli mán – fim 14:45



## Hafragrautur borinn fram alla daga!

kl. 07:45 - 07:55 og í fyrstu frímínútum í 8. - 10. bekk.

**Brekkuskóli**

v/Skólastíg  
600 Akureyri  
sími 462-2525  
www.brek.akureyri.is